

Skólanefndarfundur 4.febrúar 2020

Fundur settur 15:45

Mættir: Kolbrún Ada, Sigurgeir, Guðrún María, Kristey, Birgitta Bjarney, Ásta, Arna Ýr, Valgerður, Helena Eydís.

Fjarverandi: Díana (Kristey staðgengill) Gunnar Baldursson og Hjálmar Bogi.

Á dagskrá er eftirfarandi:

1. Drög að rekstarniðurstöðu fyrir árið 2019
2. Skólakynningar í FSH í upphafi vorannar 2020
3. Framkvæmdir í FSH 2020
4. Bett 2020
5. Viðbrögð við heimsfaraldri kórónaveiru
6. Önnur mál

1. Skólameistari fer yfir rekstrarárið 2019 þó samþykktur ársreikningur liggja ekki fyrir fyrr en í apríl 2020. Farið er yfir öll þau vegamiklu verkefni sem skólinn stendur fyrir núorðið og samstarf SAMNOR.

2. Von er á 10 bekk úr Borgarhólsskóla og 9 - 10 bekk í Þingeyjarskóli. Kynnt verður námsframboð og svo verður Nemendafélagið með kynningu og gaman og gles sem endar með pizza veislu. Möguleiki á að skoða aðra kynningu fyrir Lund og Mývatnssveit.

3. Framkvæmdir eru yfirstandandi. Verið er að endurnýja loftið á kennaragangi, inngangi starfsmanna og niður ganginn sem þar er. Einnig er verið að flísaleggja stigann niður og kennarainnganginn. Nýjar hurðir á kennaragangi og nýr dúkur á gólf á kennaragangi. Búið er að græja innréttingu í ljósritunarrými og verið er að útbúa skáp þar til móts til að auka vinnu pláss. Salerni fyrir starfsmenn á neðrihæð er í fullum gangi, sturtu aðstaða þar. Bókasafn, rými skrifstofu- og fjármálastjóra og aðstaða húsvarðar verður tekin fyrir í sumar. Suðurhlið hússins verður máluð í sumar og tengigangurinn sem skólameistari hefur óskar eftir frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu er í skoðun við þurfum að senda frá okkur ítarlegri beðni.

Kjallarann þarf að tala til skoðunar, sérstaklega sjónvarpshornið.

4. Auður og Valgerður fóru til London á Bett ráðstefnu. Tækninýjungar og fyrirlestrar og fleirra sem tengist nýjungum í kennslu u.þ.b 30-45 mín á hverjum bás. Fyrirhugað er að fjórir fari næst frá FSH og að það rúlli svo allir starfsmenn fái að fara og fari með reglulegu millibili og sækji sér innblástur.

5. Möguleiki er á heimsfaraldri á kóróna veirunni, búið er að kaupa grímur og búið er að panta meira af sóttþreinsi. Handþvottur, handþvottur, handþvottu. Gott væri að nálgast plaggat sem sýnir hvernig framkvæma á handþvott. Sóttþreinsir á hendur byrjar ekki að virka fyrr en hann er orðinn þurr, það vita það ekki allir.

6. Spurt er hvernig skóla andinn sé, þáttaka í félagslífi og annað því um líkt. Við teljum að staðan sé góð og þáttakan misjöfn en betri en oft áður.

Stefnt er á skólaheimsókn til Finnlands í maí 2020.

Samstarf tónlistarskólans og FSH. FSH mun koma til með að meta tónlistarnám inn í námsferil nemenda, jafnvel útfæra tónlistarbraut, sambærilega við afreksíþróttabrautina. Halldór Jón hefur

séð um þetta svo þetta er í lægð á meðan hann er í fæðingarorlofi en þráðurinn verður tekinn upp aftur þegar hann kemur til baka.

Friðrika Bóel og Guðrún María hafa báðar verið útnefndar til Zontaklúbbsins á Akureyri. Þetta er Alþjóðleg viðurkenning fyrir ungar stúlkur vegna félagsmála 16-19 ára. Friðrika Bóel verður ekki búin að ná 16 ára aldri áður en umsóknarfrestur rennur út. Guðrún María tekur vel í að vera tilnefnd.

Ekki fleirri önnur mál og fundi slitið 16:32